



Reykjavík 3. júlí 2024

Niðurstaða athugunar á aðgerðum Kviku banka hf. gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athugun á fylgni Kviku banka hf. (hér eftir bankinn) við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í febrúar 2023. Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í júní 2024.

Markmið athugunarinnar var að leggja mat á skráningar og rekjanleika á upplýsingum í kerfum bankans í tengslum við i) millibankaviðskipti, ii) reiðufjárviðskipti, iii) millifærslur fjármuna milli landa, iv) greiðslur af vörslureikningum og v) kröfur þar sem bankinn kemur að innheimtu fyrir viðskiptamenn (þ.m.t. innheimtuskuldabréf og kröfur í kröfupotti RB) með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í lögum nr. 140/2018. Þá var, eftir því sem við átti, lagt mat á úrbætur sem gerðar hafa verið í kjölfar vettvangsathugunar hjá bankanum sem lauk í desember 2021.

Athugunin sneri m.a. að því að leggja mat á umfjöllun og greiningar framangreindra áhættuþátta í áhættumati. Þá var kannað hvernig viðskiptamenn bankans eru áhættumetnir og áhættuflokkaðir og hvort áhættuflokkunin byggir á greinargóðum, skýrum og ígrunduðum forsendum. Jafnframt var kannað hvernig áreiðanleikakannanir eru framkvæmdar og hvernig reglubundnu eftirliti er sinnt með hliðsjón af áhættumati, sbr. 5. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, reglugerð nr. 545/2019 um áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka, reglugerð nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og viðmiðunarreglna Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um áhættuþætti (EBA/GL/2021/02). Loks voru könnuð atriði tengd umgjörð aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá bankanum, m.a. hvar verkefnum er sinnt innan bankans og hvernig samstarfi fyrstu og annarrar línu er háttað.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að bankinn hefði brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 140/2018, sbr. reglugerðir nr. 545/2019 og 745/2019. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og farið fram á viðeigandi úrbætur:

- Áhættumati bankans á starfsemi og aðferðafræði að baki því var talið að nokkru ábótavant. Við mat á áhrifum leit bankinn til þeirra áhrifa sem peningaþvætti gæti haft á bankann sem slíkan, þ.e. orðspor, sektir o.þ.h. en slíkir mælikvarðar fela í sér mat á rekstraráhættu en ekki áhættumat samkvæmt lögum nr. 140/2018. Þá tók bankinn ekki mið af umfangi áhættuþátta í áhættumatinu með fullnægjandi

hætti og byggði áhættumatið að töluvert miklu leyti á huglægu mati í stað þess að nýttar væru hlutlægar aðferðir til að meta áhættu. Að lokum skorti umfjöllun um tíðni eftirlits með áhættuþáttum í áhættumatinu eftir því sem við átti. Með vísan til framangreinds var áhættumat bankans á starfsemi ekki í samræmi við 2. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 4. gr., c-lið 4. mgr., 5. mgr. og e-lið 6. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 545/2019.

- Áhættumati bankans á samningssamböndum og einstökum viðskiptum var talið að nokkru ábótavant. Í fyrsta lagi skiluðu ákveðnir áhættuþættir sér ekki inn í áhættumatið þó að aðferðafræðin gerði ráð fyrir því. Af þeim 19 viðskiptamönnum sem voru í úrtaki fjármálaeftirlitsins voru a.m.k. 16 sem fengu hærri stig en aðferðafræði bankans sagði til um. Af framangreindum 16 viðskiptamönnum hefðu a.m.k. átta þeirra hækkað um áhættuflokk ef tekið hefði verið mið af öllum áhættuþáttum samkvæmt aðferðafræði bankans. Í öðru lagi voru til staðar tilvik þar sem tekið var mið af ákveðnum áhættuþáttum við stigagjöf við áhættuflokkun þó svo aðferðafræði bankans gerði ekki ráð fyrir slíku. Með vísan til framangreinds var áhættumat bankans á samningssamböndum og einstökum viðskiptum ekki í samræmi við 9., 12. og 13. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 545/2019.
- Skjölun og utanumhaldi gagna bankans vegna áreiðanleikakönnunar var talið að nokkru ábótavant þar sem gögn voru geymd í mismunandi kerfum fyrir mismunandi vörur. Með vísan til framangreinds var skjölun og utanumhald gagna bankans vegna áreiðanleikakönnunar ekki í samræmi við 28. og 30. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 745/2019.
- Staðfesting á raunverulegu eignarhaldi var talið að nokkru ábótavant. Í úrtaki fjármálaeftirlitsins voru átta lögaðilar og var í tveimur tilvikum ekki búið að sannreyna eða staðfesta eignarhald með fullnægjandi hætti. Með vísan til framangreinds var staðfesting bankans á raunverulegu eignarhaldi ekki í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 745/2019.
- Framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana á áhættumeiri viðskiptamönnum var talið verulega ábótavant. Í úrtaki fjármálaeftirlitsins voru 13 viðskiptamenn og voru auknar áreiðanleikakannanir og/eða skjalfesting þeirra í engum tilvikum fullnægjandi. Með vísan til framangreinds var framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana bankans ekki í samræmi við c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 745/2019.
- Framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana vegna tiltekinna viðskipta var talið að nokkru ábótavant. Annars vegar var um að ræða áreiðanleikakannanir vegna reiðufjárviðskipta hjá gjaldkera og hins vegar vegna framsals verðbréfa utan skipulegra verðbréfamarkaða. Með vísan til framangreinds var framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana bankans vegna tiltekinna viðskipta ekki í samræmi við 1. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 140/2018, sbr. c-lið 2. mgr. 6. gr. og 8. gr. reglugerðar nr. 745/2019.
- Uppfærslu áreiðanleikakannana var talið að nokkru ábótavant. Í úrtaki fjármálaeftirlitsins höfðu áreiðanleikakannanir fjögurra af 19 viðskiptamönnum ekki verið

uppfærðar í samræmi við innra verklag bankans. Með vísan til framangreinds var uppfærsla áreiðanleikakannana ekki í samræmi við e-lið 4. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 745/2019.

- Færslueftirliti bankans var talið ábótavant. Í vettvangsathuguninni kom í ljós að bankinn þekkir ekki að öllu leyti virkni færslueftirlitskerfisins sem bankinn notar, m.a. vegna leyndar að baki gervigreindarlausnum sem kerfið byggir á. Þannig gat bankinn ekki gefið fjármálaeftirlitinu greinargóðar skýringar á ýmsum flöggum eða skorti á flöggum varðandi úrtak fjármálaeftirlitsins. Með vísan til framangreinds var færslueftirlit bankans ekki í samræmi við a-lið 4. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 745/2019, sbr. 4.72-4.74 gr. EBA/GL/2021/02.
- Skráningu og rekjanleika í upplýsingakerfum var talið ábótavant. Samkvæmt áhættumati bankans eru reiðufjárviðskipti ein af áhættumestu vörum bankans og eru forsendur þess að reglubundið eftirlit með þessari vöru sé markvisst að upplýsingar séu skráðar rétt í afgangi af viðskiptum bankans. Í vettvangsathugun fjármálaeftirlitsins kom í ljós að í 20% tilvika voru reiðufjárviðskipti skráð á rangan textalykil. Með vísan til framangreinds var skráning og rekjanleiki í upplýsingakerfum bankans ekki í samræmi við a- og b-lið 4. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 745/2019.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn myndi fela innri endurskoðanda að gera úttekt á hvort farið hafi verið að úrbótakröfum með fullnægjandi hætti og að gerði yrði grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar í sérstakri skýrslu sem send yrði fjármálaeftirlitinu.